

Fundargerð 6. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2019, fimmtudaginn 17. október, kl. 12 í Ráðhúsinu á Strandgötu 6.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Lovísa Traustadóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Þórdís Kristinsdóttir Bakkmann, Sigurður Þ. Ragnarsson, Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs sem ritaði fundargerð.

1. Verkefnaskil, nýi Sólvangur.

Íbúarnir fluttu inn 18. september s.l. frá gamla Sólvangi yfir í nýja heimilið. Hafnarfjarðarbær hefur sent verktakanum athugasemdir vegna framkvæmda við bygginguna og beðið er svara. Öryggisúttekt hefur farið fram og búið er að skila öllum gögnum til Framkvæmdasýslunnar. Frá 4. okt. er húsaleiga innheimt frá heilbrigðisráðuneytinu vegna hjúkrunarheimilisins. Samkvæmt samningi greiðir Sóltún heima rafmagn, hita og kostnað vegna öryggismála.

2. Endurbætur á jarðhæð gamla Sólvangs, staða verkefnis.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs lagði fram kostnaðaráætlun vegna endurbóta á neðstu hæð Sólvangs en þar er starfrækt dagdvöl fyrir aldraða og fyrirhugað að dagþjálfun fyrir heilablaða verði þar einnig. Áætlunin hljóðar uppá tæpar 250 milljónir. Eldhúsið verður tekið í gegn á þessu ári og unnið er að úrbótum á húsnæðinu vegna almennu dagdvalarinnar.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs lagði einnig fram forhönnunarskýrslu vegna endurbóta á húsnæðinu. Farið verður í greiningu á því hvaða kröfur þarf að uppfylla vegna starfsseminnar.

Kostnaðaráætlun vegna 2., 3. og 4. hæðar lögð fram en 11 rými verða á hverri hæð og er heildarkostnaður tæpar 630 milljónir.

3. Sólvangur eldri, biðrými.

Að beiðni heilbrigðisráðuneytisins hefur Hafnarfjarðarbær lánað ráðuneytinu Sólvang fram á mitt næsta ár á meðan beðið er eftir að hjúkrunarheimili að Sléttuvegi í Reykjavík verði tilbúið. Áætlað er að 38 íbúar verði í biðrymunum og eru þar í flestum tilvikum um að ræða einstaklinga sem hafa dvalið á LSP. Nú þegar hafa íbúar í biðrymum flutt inn. Sóltún heima sér um rekstur rýmanna skv. samningi við heilbrigðisráðuneytið.

4. Viðræður við heilbrigðisráðuneytið vegna 33 nýrra hjúkrunarrýma.

Sviðsstjóra fjölskyldu- og barnamálasviðs er falið að senda ítrekaða beiðni til heilbrigðisráðuneytisins um fund til að ræða rekstur nýrra 33 hjúkrunarrýma á Sólvangi og afnot og leigugreiðslur vegna húsnæðisins.

5. Formaður verkefnastjórnar fór yfir hugmyndir sem fulltrúar Alzheimer-samtakanna hafa kynnt bæjaryfirvöldum varðandi þjónustu við ungt Alzheimer greint fólk. Samtökin hafa komið fram með ósk um aðstöðu í St. Jósefsspítala.

Fundi slitið kl. 13:00.